



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

155. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn 30. maí 1990.
Mættir: Guðmundur Björnsson, formaður, Gísli Torfason, ritari, Magnús Ó. Ingvarsson, Bogi Hallgrímsson, Guðjón Kristjánsson, Þorsteinn Magnússon og Ægir Sigurðsson, skólameistari.

1. Vorönn 1990.

Skólameistari fjallaði um starf FS á nýliðinni vorönn. Kvað hann starf annarinnar hafa verið með venjulegum hætti. Starfið hafi gengið mjög vel. Nýtt mætingakerfi nemenda hafi verið reynt. Virðast mætingar vera svipaðar og áður.

Sjúkraliðar voru útskrifaðir í fyrsta sinn frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja, 95 útskriftarskírteini voru gefin út alls á önninni sem er nýtt met í sögu skólans.

2. Haustiönn 1990.

Skólameistari hafði framsögn. Kvað hann lítið farið að skýrast með val nýmanna fyrir næstu önn. Innritun lýkur 5. júní. Næsti árgangur nemenda er fremur fámennur og því er ekki gert ráð fyrir fjölgun nemenda í FS á næsta námsári.

Skólameistari ræddi nokkuð væntanlegar nýjungar í skólastarfinu.

- a) Nefndi hann sameiginlegt grunn nám Meistaraskóla; nokkurskonar Grunndeild Meistaraskóla sem inniheldur sameiginlegar námsgreinar upp á u.þ.b. 20 einingar. Þegar lengra kemur í náminu þá aðgreinast nemendur nokkuð.

Námstími í Meistaraskóla hefur yfirleitt verið 3 annir. Nefndin ræddi all ítarlega málefni Meistaraskóla.

- b) Fyrirhuguð Sjúkraliðabraut ef næg þátttaka fæst.

- c) Netagerð er fyrirhuguð ef næg þátttaka fæst. Þess ber þó að geta að nemendur netagerðar t.d. í Vestmannaeyjum eru með ákvæði í samningi sínum að ljúka prófi frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum og þeir eru lítt hrifnir af að koma eina önn til náms í FS.

Skólameistari kvað litla breytingu verða á kennaraliði skólans á næsta skólaári. Sigrún Þorsteinsdóttir, sem hefur verið í leyfi hefur sagt upp störfum. Guðni Kjartansson, fer í leyfi því hann hefur fengið styrk til framhaldsmenntunar í V.-Þýskalandi.

Nokkrar umræður fóru fram í nefndinni um grunnskóla, grunnskólalög, blöndun í bekk og m.fl.

ඉන්ද්‍රියානු ඉතිහාසයේ ප්‍රධානම ප්‍රදේශය වන්නේ මධ්‍යම ඉන්දියාවයි.

[illegible]

142

1991. *Journal of Interpersonal Violence* 6: 103-117.

[illegible]

5 H0921000 1200

1116 J. L. 2000-2761 (MUS)

1000 000 000

3. Skýrt frá viðtali við Bæjarstjórnann í Keflavík.

Formaður greindi frá viðtali sínu og skólameistara við Guðfinn Sigurvinsson, bæjarstjóra í Keflavík vegna:

- a) "Litla salar" í íþróttahússins í Keflavík.
- b) Húsnæðismála.
- c) Skólaaksturs.
- d) Fósturliðanám.

a) "Litli salur" íþróttahúss.

Mál litla salar voru mikið rædd á síðasta fundi skólanefndar (154.fundi). Vísast því til þeirrar fundargerðar varðandi reifun málsins.

Formaður kvað bæjarstjóra hafa tekið málinu mjög vel lokaði að skoða það vandlega og taka það fyrir á næsta bæjarráðsfundi.

b) Húsnæðismál.

Formaður skýrði bæjarstjóra frá afstöðu skólanefndar FS til húsnæðismála skólans og framtíðarlausn þeirra. Þær hugmyndir hafa komið fram að verði nýtt skólahús reist frá grunni þá séu fyrir hendi margvíslegir möguleikar á nýtingu núverandi húsnæðis t.d. fyrir eldraða, safnahús, menningarmiðstöð o.s.frv.

Sýndi bæjarstjóri málinu skilning og benti hann jafnframt á nefnd sem starfandi er um byggingu menningarmiðstöðvar fyrir Keflavík og Njarðvík. Mál þetta var nokkuð rætt innan skólanefndar. Var skólameistara falið að rita framangreindri nefnd bréf þar sem farið er fram á að hún athugi hvort núverandi húsnæði FS er hentugt sem menningarmiðstöð.

Formaður skýrði frá fundi þann 25. apríl s.l. sem undirnefnd skólanefndar ásamt skólameistara átti með nefnd er SSS skipaði í lok ársins 1989 til viðræðna um húsnæðismál. Þessi fundur var nokkuð gagnlegur en því miður mætti einungis einn nefndarmaður frá SSS, Eðvald Bóasson, Njarðvík. Fleiri fundir þessara nefnda eru fyrirhugaðir.

c) Skólaakstur.

Bæjarstjóra var gerð grein fyrir stöðu mála. Kvaðst hann myndi taka málið fyrir á vettvangi SSS.

d) Fósturliðanám.

Skólameistari gerði bæjarstjóra grein fyrir stöðu mála (sbr. fundargerði 154. fundar skólanefndar). Tók hann málinu vel fyrir hönd síns byggðarlags og kvaðst fara með málið fyrir næsta bæjarráðsfund.

4. Bréf frá byggingarnefnd Keflavíkur frá 16. maí s.l.

Í bréfi þessu óskar Byggingarnefnd Keflavíkur eftir skriflegri umsögn skólanefndar FS vegna fyrirhugaðrar veitingasölu í SV horni íþróttavallar. Formaður gerir grein fyrir málavöxtum og leggur fram teikningar.

Miklar umræður fóru fram um málið. Ljóst er að veitingasala þessi hefur bæði kosti og galla. Hún er fyrirbæri sem skólanefnd FS hefði ekki farið fram á að fyrra bragði. Skólanefnd hefur nokkrar áhyggjur af rekstrargrundvelli mótuneytis nemenda. Umferð kemur til með að aukast mjög mikið, sérstaklega á álagstímum og má svæðið í kringum skólann og hin þrönga aðkoma illa við því. Hætt er við að rusl aukist nokkuð í nágrenni skólans ef af verður. Ekki fékkst afgerandi niðurstaða í nefndinni enda erfitt að svara erindi þessu afdráttarlaust. Þó er ljóst að Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja fagnar ekki veitingasölu þessari án þess að vilja leggjast gegn henni af þunga.

Nefndin áskilur sér rétt til að endurmeta stöðuna í ljósi reynslunnar og taka málið upp síðar.

5. Viðhald húsa.

Skólameistari kvað fjármuni til viðhalds ekki hafa skilað sér. Kvað hann ríkið úthluta til þeirra skóla er það telur verst stadda hinir fá ekkert. Hins vegar séu viðhaldsverkefni innan FS, sem alls ekki megi bíða, s.s. dúkar á gólfum, í kennslustofum, veggur á suðurhlíð skólahúss og fl. Að svo komnu máli er ekkert annað að gera en bíða og sjá hve mikið fé FS fær.

6. Önnur mál.

1. Skólameistari greinir frá bréfi sínu til fjármálaráðuneyti frá 16.maí s.l. þar sem farið er fram á að starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja fái greitt samkvæmt samningum.


Ríkið telur sig ekki bundið af samningum sem gerðir voru við Jón Sæmundsson, fjármálastjóra FS, og hefur ráðstafað Guðrúnu Björnsdóttur, matráðskonu í Verkakvennafélagið Framsókn í Reykjavík.

Öll gögn vegna starfsmanna þessara hafa verið send hinu haa ráðuneyti en ekkert hefur gerst.


2. Inntökugjald nemenda.

Á síðasta námsári var inntökugjald nemenda kr. 4.300.- Skólanefnd fól skólameistara að athuga sambærileg gjöld í öðrum skólum fyrir næsta fund og var ákvörðun því frestað þangað til. Staðfestingargjald var ákveðið kr. 2.000.- en staðfestingargjald er hluti inntökugjalds.

Fleira ekki gert, fundi slitið.



Gísli Torfason,
áfangastjóri.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.

